

15. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 08.03 2011, Végarði kl. 13.00

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, einnig var mætt Anna H. Ragnarsdóttir til þess að vera við opnun tilboða í rekstur Laugarfellsskála.

Dagskrá:

1. **Laugarfellsskáli, opnun umsókna**
2. **Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs**
 - a) Siðareglur Félagsþjónustu
 - b) Verklag við meðferð persónuupplýsinga
3. **Hreindýr á Austurlandi**
4. **Uppgjör vegna áætlaðra fasteignaskatta af virkjanamannvirkjum i Fljótsdal**
5. **Brettasmiðjan**
6. **Önnur mál.**

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

1. **Laugarfellsskáli, opnun umsókna.**

Ein umsókn hefur borist og er hún frá Önnu H. Ragnarsdóttur og Þórði Ólafssyni Víðivöllum II. Sveitarstjórn mun fara yfir umsóknina og hafa samband við umsækjendur síðar.

Anna Halldóra yfirgaf fundinn kl. 13.30

Oddvita falið að óska eftir fundi með umsækjendum n.k. föstudag.

2. **Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs**

- a) Siðareglur Félagsþjónustu. Samþykktar
- b) Verklag við meðferð persónuupplýsinga. Samþykkt.

3. **Hreindýr á Austurlandi.**

Sveitarstjórn er boðuð til fundur „Hreindýr á Austurlandi“ um samstarfsgrundvöll hagsmunaaðila á svæðinu, 15. mars kl. 14, á Gistiheimilinu Egilsstöðum.

4. **Uppgjör vegna áætlaðra fasteignaskatta af virkjanamannvirkjum i Fljótsdal.**

Í samkomulagi sem gert var á sínum tíma við Landsvirkjun og Landsnet var gert ráð fyrir fram færi endanlegt uppgjör á fasteignasköttum af virkjanamannvirkjum, þegar mannvirkin væru að fullu komin inn á fasteignaskrá. Oddviti lagði fram útreikninga yfir vangreiddan höfuðstól, ásamt vöxtum og verðtryggingu. Útreikningar voru unnir af endurskoðenda og bókara. Samþykkt að fara fram á við Landsnet og Landsvirkjun að uppgjör fari fram og byggt verði á framlögðum útreikningum.

5. **Brettasmiðjan.**

Eigendur fyrirtækisins Brettasmiðjunnar ehf hafa fundað með sveitarstjórn og kynnt fyrirtækið og hugmyndir um mögulega starfsemi í Fljótsdal. Fyrirtækið framleiðir vörubretti á Íslandi og hefur flutt unnið timbur erlendis frá í framleiðslu brettanna. Nú er verið að undirbúa að setja upp starfsemi í Fljótsdal og stefnt að því að nýta innlendan við til framleiðslunnar.

Þá hafa forsvarsmenn fyrirtækisins fest sér húsnæði sem hentar fyrir eigendur og starfsemi. Undirbúningur er hafinn á flutningi timburvinnslutækja og áform um að starfsemin fari af stað á árinu.

Sveitarstjórn fagnar áformum Brettasmiðjunnar og telur fyrirhugaða starfsemi geta skapað mikilvæg störf í sveitarfélaginu, auk þess að auka möguleika skógarbænda til sölu á við úr nytjaskógum á svæðinu.

Sveitarstjórn hefur jákvæða afstöðu til að veita styrk til flutnings og uppsetningu timburvinnslunnar og felur oddvita að undirbúa gerð samstarfs og viljayfirlýsingu við eigendur Brettasmiðjunnar um aðkomu sveitarfélagsins.

6. Önnur mál.

Þorvarður sagði frá því að framundan væri fundur í Skólanefnd Hallormsstaðaskóla og lýsti áhyggjum af því að fjársveldi skólans birtist m.a. í því að engin heimilisfræðikennsla væri nú kennd og svo virtist að tungumálakennsla í yngri deildum skólans væri mjög takmörkuð. Taldi hann æskilegt að fá fram skýringar á þessu og hvort/hvernig uppfyllt væru skilyrði aðalnámsskrár. Sveitarstjórn telur æskilegt að skólanefnd ræði málefni skólans og skoði hvort fjárhagsrammi hans sé með þeim hætti að skólastarf bíði e.t.v. skaða af.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14.45

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)